

**10. mál 2018. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:  
Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala- og Norðfjarðarprestaköll,  
Austurlandsprófastsdæmi, sameinist Kolfreyjustaðarprestakalli. Heiti  
Kolfreyjustaðarprestakalls verði Austfjarðaprestakall.

2. gr.

Sameining hvers prestakalls sem tilgreint er í 1. gr. öðlist gildi við starfslok hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.